

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 15. maí 2019  
UST201904-319/B.S.  
10.05.01


**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka - Kjalvegur - Árbúðir til Kerlingarfjalla. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dgas. 24. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða endurbyggingu Kjalvegur á 17,3 km löngum kafla milli Árbúða og Kerlingarfjallavegar. Framkvæmdin er að mestu á núverandi vegsvæði en vikið verður frá núverandi vegi á 4,7 km löngum kafla. Eins og heiti erindisins ber með sér verða líklegast helstu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar vegna efnistöku sem verður annars vegar úr skeringum sem mun nema 49.700 m<sup>3</sup> og hinsvegar 122.900 m<sup>3</sup> sem teknir verða úr 9 námum við veginn.

Ástand núverandi vegar en með þeim hætti að víða er ekið utan vegar auk þess sem vegurinn og næsta nágrenni hans er víða til lýta. Umhverfisstofnun telur að með vönduðum frágangi skeringa og náma verði unnt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Líta mætti til frágangs skeringa við Sandá sunnar á Kjalvegi þar sem frágangur skeringa og náma er að mati Stofnunarinnar til fyrirmyndar. Umhverfisstofnun telur að við vegagerðina ætti að forðast að mynda grjótrastir meðfram veginum og ekki ætti að grjóthreinsa svæði utan öryggissvæða eins og gert var á kaflanum sunnan Ásbrandsár. Slíkur viðskilnaður eykur sjónræn áhrif vegarins þar sem frágangur af þessu tagi stingur verulega í stúf við óraskað umhverfi. Umhverfisstofnun telur að þar sem farið er um grýtt svæði ætti að leitast við að stinga niður sórgryti utan við öryggissvæði í stað þess að skilja eftir grjótdreifur eða rastir. Umhverfisstofnun bendir á heimasíðuna namur.is þar sem unnt er að nálgast frekari upplýsingar um efnistöku og frágang.

Umhverfisstofnun telur að með vönduðu verklagi við efnistöku úr skeringum og námum þar sem landmótun og yfirborð lands tekur mið af næsta nágrenni ætti að vera unnt að haga framkvæmdinni með þeim hætti að ekki hljóttist af umtalsverð umhverfisáhrif.

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur